

Ed.

130. Frumvarp til laga

[78. mál]

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Björn Ólafsson.

1. gr.

Aftan við h-lið 14. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Einstaklingar, sem atvinnurekstur stunda og hafa tvo menn eða fleiri í þjónustu sinni, mega telja fram sérstaklega fyrir rekstur sinn og færa eigið kaup sem rekstrarkostnað, enda sé fjárgæzla og bókhald sérstakt fyrir reksturinn. Sé nokkuð af varasjóði eða séreignum rekstrarins öðrum en stofnfé varið til annars en þarfa atvinnurekstrarins eða til að mæta rekstrarhalla, skal helmingur fjárhæðar, er þannig er ráðstafað, teljast til skattskyldra tekna hjá eiganda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Einstaklingsatvinnurekstur á nú mjög erfitt uppdráttar, vegna þess hversu hart leikinn hann er af sköttunum. Þessi rekstur stendur miklu verr að vígi en félagsrekstur, sökum þess að hann nýtur engra friðinda í sambandi við stofnfé og varasjóði. Eigandinn, sem vinnur að rekstrinum, fær ekki við framtal til skatts að telja eigið kaup með öðrum kostnaðarliðum rekstrarins, og bætist því hinn raunverulegi rekstrarhagnaður ofan á þá fjárhæð, sem eigandinn notar árlega sér til framfærslu og lögð er til grundvallar við útreikning skatts. Með þessum hætti fer mestallur afraksturinn í skatta, nema það, sem eigandinn fær sér til lífsframfæris. Er því ógerlegt fyrir einstaklingsreksturinn, eins og nú er, að safna nokkrum sjóðum og tryggja þannig rekstur sinn.

Af þessum sökum er einstaklingsreksturinn óðum að leggjast niður, og er það illa farið. Atvinnurekstur einstaklinganna er þjófúfélaginu þarfur og hollur, og ætti því frekar að hlúa að vexti hans en að kippa undan honum fótum með ósanngjörnum skattaálögum. Virðist engin sanngirni mæla með því, að skattlagning hins opinbera hvíli með meiri þunga á einstaklingum en félögum. Þá er og ljóst, að atvinnurekstri einstaklinga er ekki ónauðsynlegra en félagsrekstri að geta safnað sjóðum til tryggingar rekstri sínum.

Lagt er til, að breyting þessi komi undir bráðabirgðakafli skattalaganna, sem væntanlega verður tekinn til nánari athugunar, ef gagnger endurskoðun fer fram á þeim lögum. Eins og kunnugt er, fjallar nú millipinganefnd um endurskoðun laganna, en óvíst er, hvenær tillögur hennar koma fram. Ef enn verður langur dráttur á, að tillögur hennar verði lagðar fyrir þetta þing, mun ég við síðari umræður um frv. þetta bera fram viðbótartillögu um, að tekin verði aftur í skattalögin heimild um, að draga megí útsvör og skatta frá tekjum. Þessi heimild var numin úr lögum 1942, og um sama leyti var skattstiginn lækkaður til þess að halda skattþegnum skaðlausum af niðurfelling frádráttarheimildarinnar. Síðan þetta var gert, hefur nýjum sköttum verið bætt við og skattþunginn raunverulega margfaldast vegna rýrnunar á verðgildi krónunnar, en skattþegnarnir herskjaldaðir, vegna þess að frádráttarheimildin gat ekki lengur verkað sem hemill á óhóflega skattlagningu. Þess vegna er mikil nauðsyn fyrir atvinnureksturinn í landinu ekki síður en almenna skattgreiðendur, að frádráttarheimildin verði aftur tekin í lög.